

## Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða leiðrétt 2009 og á fyrsta ársfjórðungi 2010

Á vef Seðlabanka Íslands hafa nú verið birt leiðrétt bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd og stöðu þjóðarbúsins 2009 og á fyrsta ársfjórðungi 2010<sup>1</sup>

Bein fjárfesting erlendis var leiðrétt fyrir oftöldum skuldum við tengda aðila í árslok 2009 og fjárinnstreymi vegna þess á síðasta fjórðungi ársins 2009. Þá var endurfjárfestur hagnaður leiðréttur á árinu 2009. Endanlegar tölur um beina fjárfestingu 2009 er ekki að vænta fyrr en í september n.k.

Viðskiptajöfnuður var óhagstæður um 27 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2010 samanborið við 22 ma.kr. halla á sama tímabili árið áður. Rúmlega 31 ma.kr. afgangur var á vöruskiptum við útlönd en tæplega 4 ma.kr. halli var á þjónustuviðskiptum. Jöfnuður þáttatekna var neikvæður um 52,5 ma.kr.

Halla á þáttatekjum má að hluta rekja til innlánsstofnana í slitameðferð með áætlaða áfallna vexti af erlendum skulda þeirra. Jöfnuður þáttatekna án áhrifa innlánsstofnana í slitameðferð væri neikvæður um 30 ma.kr. og viðskiptajöfnuður neikvæður um 5 ma.kr.

Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 9.092 ma.kr. í lok fyrsta ársfjórðungsins 2010 en skuldir voru 14.365 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því neikvæð um 5.273 ma.kr. samanborið við 5.670 ma.kr. í árslok 2009. Að frátöldum innlánsstofnunum í slitameðferð námu eignir þjóðarbúsins 2.567 ma.kr. og skuldir 3.028 ma.kr. Hrein staða var því neikvæð um 461 ma.kr. að þeim undanskildum.

Enn eru takmarkaðar upplýsingar um erlendar eignir og skuldir banka í slitameðferð. Þær eru því framreiknaðar eins og þær stóðu við þrot þeirra og sýndar sérstaklega í liðnum „Innlánsstofnanir í slitameðferð“ sem er undirliður liðarins „Aðrir geirar“.

---

<sup>1</sup> Sjá Hagtölur á <http://www.sedlabanki.is>

**Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna á verðlagi hvers tíma**

	<u>2009 /1</u>	<u>2009 /2</u>	<u>2009 /3</u>	<u>2009 /4</u>	<u>2010 /1</u>
<b>Viðskiptajöfnuður</b>	<b>-22,2</b>	<b>-23,0</b>	<b>-32,3</b>	<b>23,1</b>	<b>-27,1</b>
Útflutningur vöru og þjónustu	164,6	182,0	226,3	208,3	193,3
Innflutningur vöru og þjónustu	-141,5	-155,3	-181,9	-172,9	-165,5
Þáttatekjur og framlög, nettó	-45,2	-49,7	-76,7	-12,3	-54,9
<b>Fjármagnsjöfnuður</b>	<b>-14,9</b>	<b>135,9</b>	<b>-68,9</b>	<b>-247,3</b>	<b>-79,4</b>
Fjármagnshreyfingar án forða	-49,1	100,0	-23,6	-196,3	-64,1
Erlendar eignir, nettó	-17,1	174,2	-77,4	-172,3	-52,4
Erlendar skuldir, nettó	-32,0	-74,1	53,8	-24,0	-11,7
Gjaldeyrisforði (- aukning)	34,6	36,1	-44,9	-50,6	-15,1
<b>Skekkjur og vantalið nettó</b>	<b>37,0</b>	<b>-112,8</b>	<b>101,2</b>	<b>224,2</b>	<b>106,5</b>

**Tafla 2. Erlend staða þjóðarbúsins í lok ársfjórðungs í milljörðum króna á verðlagi hvers tíma**

	<u>2009 /1</u>	<u>2009 /2</u>	<u>2009 /3</u>	<u>2009 /4</u>	<u>2010 /1</u>
<b>Erlendar eignir, alls</b>	<b>7.917</b>	<b>8.759</b>	<b>8.804</b>	<b>8.925</b>	<b>9.092</b>
Bein fjárfesting erlendis	967	955	890	830	813
Erlend markaðsverðbréf	1.763	2.002	2.073	2.078	2.151
Aðrar fjáreignir en forði	4.803	5.418	5.406	5.482	5.638
Gjaldeyrisforði	384	384	435	485	490
<b>Erlendar skuldir, alls</b>	<b>13.629</b>	<b>14.772</b>	<b>14.698</b>	<b>14.595</b>	<b>14.365</b>
Bein fjárfesting á Íslandi	998	1.091	1.057	1.035	1.006
Innlend markaðsverðbréf	5.515	5.578	5.427	4.965	4.512
Aðrar erlendar skuldir	7.041	8.021	8.157	8.596	8.847
<b>Hrein staða við útlönd</b>	<b>-5.712</b>	<b>-6.012</b>	<b>-5.893</b>	<b>-5.669</b>	<b>-5.273</b>

Nánari upplýsingar veitir Jakob Gunnarsson á upplýsingasviði Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.